



Námssgrein: Myndmennt 1. bekkur
--

Vikustundir: 24	Kennari: Anna Margrét Smáradóttir	Samstarfsfólk:
-----------------	-----------------------------------	----------------

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
2 kennslu- stundir	- Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. - Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun	Innlögn um það hvað sjálfsmynd er. Bakgrunnur ræddur. Hvernig við erum á	Sjálfsmynd – teikna sjálfan sig í ákveðnu umhverfi. Lita í raunsæjum litum.	Metið hversu vel nemendur skildu fyrirsmáli verkefnisins – sjálfsmynd og bakgrunnur.
2 kennslu- stundir	-Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. - Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun	Rætt um hrekkjavöku. Útskýrt fyrir nemendum hvað „skrímsli“ er og að það geti verið alls konar og þarf alls ekki að vera hræðilegt. Myndir af mismunandi skrímslum sýndar.	Hrekkjavökuskrímsli úr klósettrúllum. Málað á rúllurnar og skrímslin að lokum skreytt með augum og pípuhreinsurum.	Virkni í tímanum metin.
2 kennslu- stundir	- Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun - Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. - Geti fjallað um eigin verk og annarra.	Kveikja um það hvað fígúra er? Hvað er að vera öðruvísi- það eru alls ekki allir eins.	Fígúrir - Nemendur fá augu eða munn og líma á blað. Eiga að búa til sína eigin fígúru. Nemendur segja frá sinni fígúru.	Sköpunarhæfni og áhugi nemenda á verkefninu metinn.
2 kennslu- stundir	- Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun	Nemendur fræðast um grunnform. Rædd mismunandi sjónarhorn	Snjókallar - grunnform	Metið hversu vel nemendur meðtaka fyrirsmáli um grunnformið hring og mismunandi sjónarhorn.

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
2 kennslu- stundir	- Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun - Geti fjallað um eigin verk og annarra.	Innlögn þar sem ferlið er rætt	Hveitibatík – Nemendur teikna á efnisbút mynd með hveitibatík. Hveitið er látið harðna. Síðan er vatnslitað yfir og mest þakið af efninu. Að lokum er hveitið kroppað af.	Hversu vel nemendur náðu að vinna út frá kveikjunni. Hversu vel þeir geta sagt frá verkefninu sínu.
2 kennslu- stundir	- Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun - Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.	Kveikja – rætt um gamlárskvöld. Hvers vegna er verið að skjóta upp flugeldum? Hræðsla í tengslum við sprengjurnar rædd. Ferlið útskýrt í grófum dráttum.	Gamlársmynd – nemendur byrja á að teikna mynd af flugeldum. Þeir fá síðan lím sem þeir setja í línurnar. Þá er salt sett í límið. Það er látið þorna og svo er vatnslitað yfir.	Mat á afurð
4 kennslu- stundir	-Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði.	Formin rædd og nemendum sýnt það hvernig hægt sé að nota formin við mótun dýranna.	Dýr mótuð úr sjálfharðnandi leir – rætt um uppáhaldsdýrin okkar. Nemendur fá einnig að vinna dýr úr jarðleir, sem þarf að fara í brennslu.	Skilningur á vinnslu við leirinn metinn – sem og afurð
2 kennslu- stundir	-Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði.	Hér er aftur komið inná grunnformin.	Páskaungar gerðir úr rifnum pappír – nemendur byrja á að mála blað gult, bút svartan og annan appelsínugulan. Einnig eru hendurnar málaðar og þrykkt á pappír.	Mat á afurð
2 kennslu- stundir	-Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði.	Unnið með sýnikennslu	Sápukúlumyndir - sýnikennsla	Hér er samvinna og afurð metin



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
2 kennslu- stundir	- Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun - Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.	Útilistaverk skoðuð fyrst. Rætt um hvaða efnivið við ætlum að nota. Labbað um og tekið saman. Að lokum er verkið útbúið.	Listaverk unnið úti – nemendur og kennari finna stað sem hentar til að fá að vinna verkið.	Mat á samvinnu og afurð hópa
2 kennslu- stundir	- Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun - Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.	Kveikja – hvað getum við notað í vinnu verkefnisins. Hvað er verðlaus efniviður?	Endurvinnsluverkefni	Hugmyndavinna og lokaúrkoma verks metin.

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á mentor.is undir námsmat.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.